



## Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Áhaldahús/höfn

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Sigurður Þorvaldsson/Sverrir Guðbrandsson

Tímabil: sept 2021

### 1. Verkefni í undirbúningi:

- Skipta um perur í geislatækjum
- 
- 

### 2. Verkefni í vinnslu:

- Viðgerð á myndavélakerfi hafnar rakatjón
- Skönnun teikninga sem til eru hjá sveitarfélaginu og flokka þær
- Aðgreina og merkja geymslureiti við Hnitbjörg betur
- Drenun ofan við skóla
- Lagfæring á vegi upp að vatnstank og fram í Langadal (vegagerðarstyrkur)
- Þekja á bryggju búið að steypa en rafmagn eftir og smá frágangur (útboð)
- Setja niðurföll neðan bankabrekku, vitabrekku og við Hafnarbraut 9
- Fjárhagsáætlunargerð

### 3. Verkefnum lokið

- Yfirfara réttir og réttargirðingar
- Kurla trjáafklippur
- Bera á tjaldstæðaskúr nýja
- Sláttur hjá eldri borgurum og svæðum utan útboðs og meðfram girðingu

### 4. Annað:

Önnur föst verkefni fyrir deildir sveitarfélagsins tekið rusl farið með pakka, farið með mat, fylgst með vatnsnotkun og dælum vatnsveitu, skipt um vatnsinntök lagfærðir lekar, vigtað úr bátum og skipi. Eins eru mörg önnur smáverk.



## Félagsmálastjóri, september 2021

Í lok september var ráðinn nýr starfsmaður með iðjuþjálfunarmenntun til félagsþjónustunnar með ráðningarstyrk frá Vinnumálastofnun til að sinna heimaþjónustu og fleiri verkefnum sem til falla.

### Helstu verkefni

- Hjá félagsþjónustunni eru nokkur umfangsmikil einstaklingsmál sem þurfa stöðuga eftirfylgni og þar með sinn tíma en eru þó breytileg milli mánaða.
- Ekki tókst að manna heimaþjónustuna í september hjá nokkrum þjónustuþegum í Strandabyggð og á Reykhólum en í byrjun október var ráðinn starfsmaður á Reykhólum til að sinna heimaþjónustunni þar og nýi starfsmaðurinn sem var ráðinn í gegnum VMST mun sinna þjónustuþegum í Strandabyggð. Starfsmannamálin í heimaþjónustunni eru því leyst.
- Reglur vegna covid-19 halda áfram að breytast og þarf að fylgja þeim eftir og skoða hvaða áhrif þær hafa á starfsemi félagsþjónustu.
- Öðrum verkefnum félagsþjónustunnar hefur enn fremur verið sinnt eftir því sem á hefur þurft að halda hverju sinni.

### Verkefni framundan

- Vinna að fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.
- Áætlað er að fara í embættisferð í Árneshrepp og Ísafjarðardjúp í byrjun október.

Soffía Guðrún Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

## Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Byggingafulltrúi

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Grettir Örn Ásmundsson

Tímabil: September

- **Verkefni:**
- Fyrirspurnir og símtöl.
- Lóðarleigusamningar, nýir og endurnýjun.
- Lóðaruppdrættir + hnitsetningar, Hafnarbraut, Kópnesbraut, Kálfanesland, Skeiði 7, 9 og 11
- Stofnun lóðar Skeiði 8 í vinnslu, auk hnitsettur uppdráttur.
- Byggingarleyfi - Hrófberg – ferli.
- Byggingarleyfi - Brunngil – ferli.
- Byggingarleyfi - Broddanesi – ferli.
- Byggingarleyfi – Dalamynni – ferli
- Byggingarleyfi – Melgraseyri – ferli
- Byggingarleyfi – Kópnesbraut - ferli
- Möguleg byggingarleyfi í undirbúningi, Brekkusel, Hrófá, Víðidalsá, Miðtún.
- Samruni í upprunalandnúmer, Litla Hella, Tafífélag o.fl.
- Samantekt gjalda.
- Skrásetning og uppfæring byggingarstiga
- Teikningaskönnun, flokkun og samantekt.
- **Önnur eins umsýsla fyrir 4 önnur sveitarfélög**



## ***Salbjörg Engilbertsdóttir skrifstofustjóri september***

### ***Verkefni í september:***

- Fjárhagsáætlun 2022-2026. Vann launaáætlun miðað við gefnar forsendur.
- Vinna með Ráðrík við greiningar, upplýsingagjöf og samantekt á gögnum úr bókhaldi.
- Færsla bókhalds og útsendingar til forstöðumanna. Bókhald er fært út ágúst og staða send til forstöðumanna, sveitarstjórnar, Ráðríkrar, eftirlitsnefndar og Jöfnunarsjóðs.
- Unnið í ráðningarsamningum og starfslýsingum nýrra starfsmanna.
- Afstemmingar launatengdra gjalda og launa.
- Svör send út vegna bókana á sveitarstjórnarfundi 14. september
- Undirbúningur, auglýsingar og frágangur vegna alþingiskosninga 25. september.
- Samskipti reglulega við sveitarstjórn til að upplýsa um stöðu verkefna og dagleg samskipti við starfsmenn, viðskiptavini og þjónustuþega.
- Skoðun á samþykktum reglum um refa- og minkaveiði vegna birtingar.
- Gjaldskrá slökkviliðs yfirfarin og samþykkt af sveitarstjórn send í birtingu B-tíðinda

### ***Venjubundin verkefni á mínu borði og unnin eru dag, viku og eða mánaðarlega.***

- Svörun fyrirspurna, upplýsingar til sveitarstjórnar og afgreiðsla mála sem tilheyra sveitarstjóra í samvinnu við sveitarstjórn.
- Afstemmingar launa og bókhalds og launatengdra gjalda. Launamiðum launþega skilað í janúar.
- Afstemmingar lánadrottna og verktakamiðum skilað í janúar/febrúar.
- Færsla innborgana og útgjalda og afstemmingar bankareikninga mánaðarlega.
- Afstemmingar og leiðréttingar á deildum ef þarf.
- Skil á aðalbók mánaðarlega til deildarstjóra, upplýsingagjöf og samskipti við þá.
- Vsk. uppgjör á tveggja mánaða fresti, afstemmingar og leiðréttingar.
- Samskipti og skil við stofnanir t.a.m Fjársýslu, Hagstofu, Skattstjóra og innheimtumenn ríkissjóðs.
- Uppgjör, ársreikningur og endurskoðunarvinna. Árlega í jan-maí.
- Launavinnsla og móttaka vinnuskýrslna og úrvinnsla þeirra. Greiðsla launa síðasta dag mánaðar.
- Upplýsingagjöf til íbúa, viðskiptavina, launþega og annara sem til okkar leita.



## Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Tómsundasvið

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Esther Ösp

Tímabil: 1.sept-30.sept

### Verkefni í undirbúningi:

- Hátíðardagskrá haustsins; Hrekkjavík og Bókavík
- Nýtt vinnuskipulag – eftir 15. október verður tómsundafulltrúi einungis í 25% starfi
- TÍM fundur og ungmennaráðsfundur í október
- Heimsókn D&D hóps á Selfoss
- Endurlífgun og stuðningur við fjölbreytt félagsstarf

### Verkefni í vinnslu:

- [Frístundadagskrá](#)
- Hrekkjavík; draugahús, ball, búningakeppni, gistinótt, heimsókn frá Stykkishólmi, Búðardal og Reykhólum og drungi á Hólmavík.
- Aðlaga reglubundna starfsemi og festa hana í sessi.
- Flutningur og bætur á aðstöðu fyrir félagsstarf fullorðinna
- Flakkandi félagsstarf fyrir fullorðna á Ströndum, Dölum og Reykhólum
- Móttaka Landverndar til úttektar á Grænfánastarfi Vinnuskólans
- Umsókn um ungmennaskipti hjá Erasmus+
- Sýning Þjóðleikhússins á Vlogginu í Ozon 16. September
- Starfssamningar

### Verkefnum lokið:

- Starfsdagur Samfés á Varmalandi
- Ungmennanæing um ungmennaskipti
- Heimsókn Þjóðleikhússins í Ozon. Heimsókn Reykhóla til yngri hóps í Ozon
- Eftirvinnsla sumarstarfs; skýrslugerð, rukkanir, greiðslur, samantekt, umsókn í Grænfána o.fl.